

66

11. nóv.

L Ö G

um breyting á 1. mgr. 39. gr. laga nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 39. gr. laga nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, orðist svo: Þegar úrskurðað er, hverjir landslistar verði í kjöri, merkir landskjörstjórnin landslista hinna eldri flokka sama bókstaf og þeir höfðu síðast og landslista nýrra flokka í áframhaldandi stafrófsröð eftir þeirri röð, er heiti þeirra stjórnámálflokka verða í, er þeim er raðað í stafrófsröð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. nóvember 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

67

17. nóv.

AUGLÝSING

um loftferðasamning milli Íslands og stórhertogadæmisins Luxemburg.

Hinn 23. október 1952 var undirritaður í Reykjavík loftferðasamningur milli Íslands og stórhertogadæmisins Luxemburg. Samningurinn gekk í gildi við undirritun. Skipzt var á fullgildingarskjölum 29. september 1953.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánrikisráðuneytið, 17. nóvember 1953.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

Fylgiskjal.

LOFTFERÐASAMNINGUR

milli Íslands og stórhertogadæmisins
Luxemburg.

Ríkisstjórnir Íslands og stórhertoga-
dæmisins Luxemburg álíta:

— að möguleikar loftflutninga í við-
skiptum hafi stórum aukizt;

— að tilhlýðilegt sé að skipuleggja á
öruggan og kerfisbundinn hátt reglulegar
flugsangöngur og efla eins og auðið er
þróun alþjóðasamvinnu á því sviði og

— að ástæða sé til þess að gera sam-
ning til þess að skipuleggja reglulegar loft-
ferðir milli og yfir landsvæði Íslands og
Luxemburg;

og hafa í því skyni tilnefnt fulltrúa
með fullu umboði, sem orðið hafa sam-
mála um eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

a) Samningsaðilar veita hvor öðrum
þau réttindi, sem greind eru í viðbæti við
samning þennan til að hægt sé að koma á
flugferðum þeim, sem þar um ræðir, og
fljúga yfir eða lenda á landsvæðum
samningsaðilanna.

b) Samningsaðilar tilnefna flugfélag
eða flugfélög til að annast reksturinn á
flugleiðum þeim, sem þau hafa rétt á að
reka og ákveða hvenær hefja skuli flug
á þessum leiðum.

2. gr.

a) Samningsaðilum er skylt að tilskyld-
um ákvæðum 7. gr. hér á eftir að veita
hinu tilnefnda flugfélagi eða flugfélög-
um hins samningsaðilans nauðsynleg
leyfi vegna rekstursins.

b) Áður en leyfi eru veitt til að hefja
flugferðir þær, sem um ræðir í viðbætin-
um, er samt hægt að krefjast þess af hin-
um tilnefndu flugfélagum, að þau upp-
fylli skilyrði þau í lögum þeim og á-

ACCORD RELATIF AUX
TRANSPORTS AERIENS

entre l'Islande et le Grand-Duché
de Luxembourg.

Le Gouvernement d'Islande et le Gou-
vernement du Grand-Duché de Luxem-
bourg, considérant:

— que les possibilités de l'aviation
commerciale, en tant que mode de trans-
port, se sont considérablement accrues;

— qu'il convient d'organiser d'une
manière sûre et ordonnée les communi-
cations aériennes régulières et de pour-
suivre dans la plus large mesure possible
le développement de la coopération inter-
nationale dans ce domaine; et

— qu'il y a lieu de conclure un accord
réglementant les communications aériennes
régulières entre et à travers les terri-
toires islandais et luxembourgeois;

ont désigné des représentants à cet
effet, lesquels dûment autorisés, sont
convenus des dispositions suivantes:

Article I

a) Les Parties Contractantes s'accor-
dent l'une à l'autre les droits spécifiés à
l'Annexe ci-jointe pour l'établissement
des lignes internationales définies à
cette Annexe, qui traversent ou desser-
vent leurs territoires respectifs.

b) Chaque Partie Contractante désig-
nera une ou plusieurs entreprises de
transports aériens pour l'exploitation des
lignes qu'elle peut ainsi établir et déci-
dera de la date d'ouverture de ces lignes.

Article II

a) Chaque Partie Contractante devra,
sous réserve de l'article VII ci-après, dé-
livrer l'autorisation d'exploitation néces-
saire à l'entreprise ou aux entreprises dé-
signées par l'autre Partie Contractante.

b) Toutefois, avant d'être autorisées à
ouvrir les lignes définies à l'Annexe, ces
entreprises pourront être appelées à justi-
fier de leur qualifications, conformément
aux lois et règlements normalement

67 kvæðum, sem sett eru af flugyfirvöldum
17. nóv. þeim, sem veita reksturs-réttindin.

appliqués par les autorités aéronautiques
délivrants l'autorisation d'exploitation.

3. gr.

Fargjöld og flutningsgjöld skulu ákveðin á sanngjarnan hátt með sérstakri hliðsjón af réttlætalegum sparnaði í rekstri, eðlilegum ágóða og þeim aðstæðum, sem sérstaklega eiga við á hverri leið, t. d. hraða og aðbúnaði.

Article III

Les tarifs seront fixés à des taux raisonnables, en prenant particulièrement en considération l'économie de l'exploitation, un bénéfice normal et les caractéristiques présentées par chaque ligne, telles que la rapidité et le confort.

4. gr.

a) Samningsaðilar eru ásáttir um að gjöld fyrir afnot flughafna þeirra og annarra hjálpartækja, sem hvor samningsaðili kann að leggja á flugfélög hins, skuli ekki vera hærri en gjöld innlendra loftfara, sem fást við sams konar flutning milli landa, fyrir afnot slíkra flughafna og hjálpartækja.

Article IV

a) Les Parties Contractantes conviennent que les charges imposées pour l'utilisation des aéroports et autres facilités par la ou les entreprises de transports aériens de chacune d'elles n'excéderont pas celles qui seraient payées pour l'utilisation desdits aéroports et facilités par ses aéronefs nationaux affectés à des lignes internationales similaires.

b) Eldsneyti, smurningsoliur, varahlutir og útbúnaður, sem eru í eða flutt eru um borð í flugvél á landsvæði annars samningsaðila af flugfélagi, tilnefndu af hinum aðilanum eða fyrir reikning slíks flugfélags og ællað er eingöngu loftförum þess félags, skulu njóta sömu kjara um tollálögur, skoðunargjöld eða önnur innanlandsgjöld og gilda um innlend flugfélög eða flugfélög þeirra ríkja, sem bestukjara njóta.

b) Les carburants, les huiles lubrifiantes, les pièces de rechange et l'équipement introduits ou pris à bord de l'aéronef sur le territoire d'une Partie Contractante par une entreprise de transports aériens désignée par l'autre Partie Contractante ou pour le compte d'une telle entreprise et destinés uniquement à l'usage des appareils de cette entreprise bénéficieront du traitement national ou de celui de la nation la plus favorisée en ce qui concerne les droits de douane, frais d'inspection ou autres droits et taxes nationaux.

c) Flugvélar svo og eldsneyti, smurningsoliur, varahlutir, venjulegur útbúnaður og vistir, sem eru um borð í loftförum, og eru í notkun flugfélaga þeirra, sem tilnefnd eru af öðrum samningsaðilanum á flugleiðum þeim, sem samningur þessi fjallar um, skal undanþegið tollálögum, skoðunargjöldum og öðrum slíkum gjöldum við komu til eða brottför frá landsvæði hins samningsaðilans, jafnvel þótt loftförin eyði slíkum forða á flugi innan þess landsvæðis.

c) Tout aéronef utilisé par la ou les entreprises désignées par une Partie Contractante sur les lignes aériennes faisant l'objet du présent Accord, ainsi que les carburants, les huiles lubrifiantes, les pièces de rechange, l'équipement normal et les provisions de bord retenus dans les aéronefs seront, à leur arrivée sur le territoire de l'autre Partie Contractante ou à leur départ, exempts de droits de douane, frais d'inspection ou autres droits et taxes similaires, même si le matériel ci-dessus mentionné est employé ou consommé par ou sur ces aéronefs au cours de vols au-dessus dudit territoire.

5. gr.

Lofthæfnisskírteini, hæfnisskírteini áhafna og leyfisbréf, sem gefin eru út eða staðfest af öðrum samningsaðilanum skulu viðurkennd af hinum aðilanum, að því er við kemur starfrækslu þeirra flugferða sem í viðbætinum greinir. Hvor aðili um sig áskilur sér þó rétt til að synja um viðurkenningu, að því er snertir flug yfir landsvæði hans, á hæfnisskírteinum og leyfisbréfum, sem út eru gefin af öðru ríki handa hans eigin þegnum.

6. gr.

a) Lög og ákvæði annars samningsaðilans um komu loftfara í millilandaflugi til eða burtför frá landsvæði hans, svo og um starfrækslu og stjórn slíkra loftfara meðan þau eru innan landsvæðis hans, skulu gilda um loftför flugfélags eða félaga hins aðilans.

b) Farþegar, áhöfn og sendandi varnings, sem fluttur er loftleiðis, skulu annað hvort persónulega eða fyrir milligöngu þriðja manns, sem kemur fram fyrir þeirra hönd og á þeirra ábyrgð, fylgja þeim lögum og ákvæðum, sem gilda á landsvæði hvors samningsaðila, um komu, dvöl og brottför farþega, áhafnar eða farms, t. d. ákvæðum um komu, brottför, innflytjendur, vegabréf, toll og sóttkví.

7. gr.

Hvor samningsaðili um sig áskilur sér rétt til að synja flugfélagi, sem hinn aðilinn hefur tilnefnt, um réttindi, eða afturkalla slík réttindi, þegar ekki er talið nægilega upplýst, að það séu þegar hins aðilans, sem að verulegu leyti eigi og stjórn flugfélaginu eða þegar flugfélag þetta lætur undir höfuð leggjast að fylgja lögum og ákvæðum þess ríkis, sem félagið rekur loftferðir um, sbr. 6. gr., eða fullnægir ekki skuldbindingum þeim, sem samningur þessi leggur því á herðar.

Article V

Les certificats de navigabilité, les brevets d'aptitude et les licences délivrés ou validés par une Partie Contractante seront reconnus par l'autre Partie Contractante pour l'exploitation des lignes définies à l'Annexe. Chaque Partie Contractante se réserve, cependant, le droit de ne pas reconnaître valables pour la circulation au-dessus de son propre territoire les brevets d'aptitude et les licences délivrés à ses propres ressortissants par un autre Etat.

Article VI

a) Les lois et règlements de chaque Partie Contractante régissant l'entrée et la sortie de son territoire par les aéronefs affectés à la navigation internationale ou régissant l'exploitation et la navigation desdits aéronefs pendant qu'ils se trouvent dans les limites de son territoire s'appliqueront aux aéronefs de l'entreprise ou des entreprises de l'autre Partie Contractante.

b) Les passagers, les équipages et les expéditeurs de marchandises seront tenus de se conformer, soit personnellement, soit par l'intermédiaire d'un tiers agissant en leur nom et pour leur compte, aux lois et règlements régissant sur le territoire de chaque Partie Contractante l'entrée, le séjour et la sortie des passagers, équipages ou marchandises, tels que ceux qui s'appliquent à l'entrée, aux formalités de congé, à l'immigration, aux passeports, aux douanes et à la quarantaine.

Article VII

Chaque Partie Contractante se réserve le droit de refuser ou de révoquer une autorisation d'exploitation à une entreprise désignée par l'autre Partie Contractante lorsqu'elle n'a pas la preuve qu'une part importante de la propriété et le contrôle effectif de cette entreprise sont entre les mains de ressortissants de l'une ou l'autre Partie Contractante ou lorsque l'entreprise ne se conforme pas aux lois et règlements visés à l'article VI ou ne remplit pas les obligations découlant du présent Accord.

67

17. nóv.

67

17. nóv.

8. gr.

a) Samningsaðilar hafa komið sér saman um að vísa sérhverjum ágreiningi varðandi skýringu eða framkvæmd á samningi þessum eða viðbætinum til úrskurðar gerðardóms, enda hafi þeim ekki tekizt að jafna hann með viðræðum sín á milli.

b) Ágreininginn má leggja undir úrskurð ráðs alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem stofnað var með samþykkt um alþjóðaflugmál, er undirrituð var í Chicago hinn 7. desember 1944.

c) Samningsaðilar geta þó með samkomulagi sín á milli annað hvort jafnað ágreininginn með því að vísa honum til úrskurðar gerðardóms eða annars aðila eða stofnunar, sem þeir tilnefna.

d) Samningsaðilar skuldbinda sig til að hlýða hverjum þeim úrskurði, sem upp kann að verða kveðinn.

9. gr.

Samning þennan svo og samþykktir allar, sem gerðar eru í framhaldi af honum, skal skrásetja hjá ráði alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem stofnað var með samþykkt um alþjóðaflugmál, er undirrituð var í Chicago 7. desember 1944.

10. gr.

a) Samning þennan skal fullgilda og fer afhending fullgildingarskjalanna fram í Reykjavík eins fljótt og unnt er. Samningurinn kemur til framkvæmda frá undirritunardegi, þó að fullgildingin hafi enn ekki farið fram.

b) Við og við skulu samningsaðilar hafa samband sín á milli með nána samvinnu í huga til þess að ganga úr skugga um að framkvæmd á ákvæðum samningsins og viðbætisins sé framfylgt á viðunandi hátt.

c) Samning þennan og viðbæti ber að samræma við alþjóðasamninga, sem samningsaðilar kunna að gerast aðilar að.

d) Nú álitur annar hvor samningsaðili æskilegt að breyta ákvæðum samnings

Article VIII

a) Les Parties Contractantes conviennent de soumettre à l'arbitrage tout différend relatif à l'interprétation et à l'application du présent Accord ou de son Annexe qui ne pourrait être réglé par voie de négociations directes.

b) Un tel différend sera porté devant le Conseil de l'Organisation de l'Aviation Civile Internationale créé par la Convention relative à l'Aviation Civile Internationale, signée à Chicago le 7 décembre 1944.

c) Toutefois, les Parties Contractantes peuvent, d'un commun accord, régler le différend en le portant soit devant un Tribunal arbitral, soit devant toute autre personne ou organisme désigné par elles.

d) Les Parties Contractantes s'engagent à se conformer à la sentence rendue.

Article IX

Le présent Accord et tous les contrats qui s'y rapportent seront enregistrés auprès du Conseil de l'Organisation de l'Aviation Civile internationale créé par la Convention relative à l'Aviation Civile Internationale, signée à Chicago le 7 décembre 1944.

Article X

a) Le présent Accord sera ratifié et les instruments de ratification seront échangés à Reykjavík dans le plus bref délai possible. Toutefois, en attendant la ratification, l'Accord sera appliqué dès le jour de la signature.

b) Dans un esprit d'étroite collaboration, les autorités aéronautiques compétentes des Parties Contractantes se consulteront de temps à autre en vue de s'assurer de l'application des principes définis à l'Accord et à son Annexe et de leur exécution satisfaisante.

c) Le présent Accord et son Annexe devront être mis en concordance avec tout accord de caractère multilatéral qui viendrait à lier les deux Contractantes.

d) Si une Partie Contractante souhaite modifier les termes du présent Accord ou

þessa eða viðbætlis hans, og getur hann þá farið þess á leit, að viðræður fari fram um málið milli rétttra flugyfirvalda. Slíkar viðræður skulu hefjast áður en 60 dagar eru liðnir frá því að beiðnin kom fram. Sérhver breyting á viðbætinum, sem yfirvöld þessi kunna að koma sér saman um, tekur gildi þegar hún hefur verið staðfest með erindaskiptum.

e) Hvor aðili getur hvenær sem er tilkynnt hinum, að hann vilji segja upp samningi þessum. Skal þá jafnframt tilkynna það alþjóðaflugmálastofnuninni. Samningurinn skal falla úr gildi 12 mánuðum eftir að hinn aðilinn tók við slíkri tilkynningu, nema samkomulag hafi orðið um að afturkalla hana áður en fresturinn er liðinn. Viðurkenni samningsaðilinn, sem tilkynningin var send ekki móttöku hennar, skal telja að hún hafi borizt honum 14 dögum eftir að hún barst í hendur alþjóðaflugmálastofnuninni.

11. gr.

Í samningi þessum og viðbæti hans skulu eftirgreind hugtök skilin svo sem hér segir, enda leiði eigi annað af samhenginu:

a) Hugtakið „flugmálayfirvöld“ skal, að því er varðar Ísland, tákna flugmálaráðuneytið og hvern þann aðila, sem umboð hefur til að framkvæma þau störf, er nú heyra undir það,

og að því er Luxemburg varðar, flugmálaráðuneytið og hvern þann aðila, sem umboð hefur til að framkvæma störf þau, er nú heyra undir það.

b) Hugtakið „tilnefnt flugfélag“ táknar félag, sem flugmálayfirvöld annars samningsaðilans hafa skriflega tilkynnt

de son Annexe, elle pourra demander qu'une consultation ait lieu entre les autorités aéronautiques compétentes des Parties Contractantes, cette consultation devant commencer dans un délai de soixante jours à compter de la demande. Toute modification de l'Annexe convenue entre lesdites autorités entrera en vigueur dès qu'elle aura été confirmée par un échange de notes diplomatiques.

e) Chaque Partie Contractante pourra à tout moment notifier à l'autre son désir de mettre fin au présent Accord. La notification sera communiquée simultanément à l'Organisation de l'Aviation Civile Internationale. La notification faite, le présent Accord prendra fin douze mois après la date de sa réception par l'autre Partie Contractante, à moins que ladite notification ne soit retirée d'un commun accord avant l'expiration de ce délai. Si la réception de la notification n'est pas accusée par la Partie Contractante, à laquelle elle a été adressée, elle sera tenue pour reçue quatorze jours après sa réception par l'Organisation de l'Aviation Civile Internationale.

Article XI

Pour l'application du présent Accord et de son Annexe, sauf lorsque le texte en dispose autrement:

a) l'expression "autorité aéronautique" signifie:

en ce qui concerne l'Islande:
le "Ministère des Transports — Aéronautique Civile" ou bien toute personne ou organisme autorisés à exercer les fonctions actuellement du ressort du "Ministère des Transports — Aéronautique Civile".

en ce qui concerne le Luxembourg:
le "Ministère des Transports — Aéronautique Civile" ou bien toute personne ou organisme autorisés à exercer les fonctions actuellement du ressort du "Ministère des Transports — Aéronautique Civile".

b) l'expression "entreprise désignée" signifie une entreprise que les autorités aéronautiques de l'une des Parties Con-

67 flugmálayfirvöldum hins aðilans, að þau hafi tilnefnt samkvæmt 1. og 2. gr. samnings þessa varðandi þær leiðir, sem greindar eru í þeirri tilkynningu.

17. nóv.

c) Hugtakið „landsvæði“ hefur hér merkingu þá, sem gert er ráð fyrir í 2. gr. samþykktar um alþjóðaflugmál, er undirrituð var í Chicago hinn 7. desember 1944.

d) Skýringar þær, sem eru í greinum a), b) og d) í 96. kafla samþykktar um alþjóðaflugmál, er undirrituð var í Chicago hinn 7. desember 1944 skulu gilda.

Gjört í Reykjavík hinn 23. október 1952 í tveim eintökum á íslensku og frönsku, og skulu báðir textar jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar
Íslands

Bjarni Benediktsson.

Fyrir hönd ríkisstjórnar
stórhertogadæmisins Luxemburg

V. Bodson.

VIÐBÆTIR

Flugfélög Íslands og Luxemburg, sem tilnefnd hafa verið, skulu njóta réttinda til yfirferðar og viðkomu án flutningsréttinda á landsvæði hins aðilans, svo og réttinda til þess að nota flugvelli og þjónustu í sambandi við millilandaflug. Enn fremur skulu þau njóta réttinda til að taka við og skila farþegum, pósti og vörum í millilandaflutningi samkvæmt skilyrðum þessa samnings.

tractantes ont notifiée par écrit aux autorités aéronautiques de l'autre Partie Contractante comme étant l'entreprise que cette Partie entend désigner aux termes des articles I et II du présent Accord pour les routes mentionnées dans cette même notification;

c) le mot "territoire" correspond à la définition qui en est donné à l'article 2 de la Convention relative à l'Aviation Civile Internationale, signée à Chicago le 7 décembre 1944;

d) les définitions des paragraphes a), b) et d) à l'article 96 de la Convention relative à l'Aviation Civile Internationale, signée à Chicago le 7 décembre 1944, sont considérées comme valables.

Fait à Reykjavík, le 23 octobre 1952 en double exemplaire, dans les langues islandaise et française, l'une et l'autre faisant également foi.

Pour le Gouvernement
d'Islande

Bjarni Benediktsson.

Pour le Gouvernement du
Grand-Duché de Luxembourg

V. Bodson.

ANNEXE

Les entreprises islandaises et luxembourgeoises désignées jouiront sur le territoire de l'autre Partie Contractante du droit de transit et du droit d'escale pour des fins non commerciales; elles pourront aussi utiliser les aéroports et les facilités complémentaires affectés au trafic international. Elles jouiront, en outre, sur le territoire de l'autre Partie Contractante du droit d'embarquer et du droit de débarquer en trafic international des passagers, des envois postaux et des marchandises, aux conditions du présent Accord.

I.

Flugleiðir, sem íslenskum flugfélögum er heimilt að starfrækja.

Ísland með viðkomu á millistöðvum til Luxemburg eða stöðva þar fyrir handan í báðar áttir.

II.

Flugleiðir, sem flugfélögum Luxemburg er heimilt að starfrækja.

Luxemburg með viðkomu á millistöðvum til Íslands eða stöðva þar fyrir handan í báðar áttir.

Tableau I

Lignes qui peuvent être exploitées par les entreprises islandaises de transports aériens.

L'Islande via points intermédiaires vers Luxembourg, au-delà ou non, et vice-versa.

Tableau II

Lignes qui peuvent être exploitées par les entreprises luxembourgeoises de transports aériens.

Luxembourg via points intermédiaires vers l'Islande, au-delà ou non, et vice-versa.

67

17. nóv.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 93 27. nóv. 1951, um breyting á lögum nr. 97 12. des. 1945, um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

68

19. nóv.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „30 000“ í 1. gr. laganna komi: 35 000.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 19. nóvember 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.